Nýr kjarasamningur undirritaður við Félag kennara og stjórnenda í tónlistarskólum (FT) þann 9. desember 2020

Þann 9. desember 2020 undirrituðu samninganefndir Sambands íslenskra sveitarfélaga og Félags kennara og stjórnenda í tónlistarskólum nýjan kjarasamning sem gildir frá 1. september 2020 til 31. desember 2021.

Til upplýsinga er hér í upphafi rétt að árétta að FT hafnaði ósk SNS um að félagið tæki upp í heild þau orlofsákvæði sem samið hefur verið um á opinberum vinnumarkaði sem felur í sér 30 daga orlofsrétt fyrir alla auk skilgreininga um framkvæmd orlofsákvæða í samræmi við orlofslög. Þetta hefur þá þýðingu að á samningstímanum verður mismunur á réttindum félagsmanna í FT og FÍH sem sinna sömu störfum í tónlistarskólum. Félagsmenn FT verða því áfram með aldurstengdan orlofsrétt 24, 27 eða 30 daga. Þeir félagsmenn FT sem hafa 24 og 27 daga orlofsrétt eru því með lengri árlega vinnuskyldu en félagsmenn FÍH. Skv. kjarasamningi skulu félagsmenn FT verja þessum umframtíma til árlegs undirbúnings og starfsþróunar. Til skýringar hefur FÍH samið um 30 daga orlofsrétt óháð aldri sem styttir þann tíma sem verja skal til starfsþróunar og undirbúnings úr 150 klst. í 102 klst. árlega fyrir alla.

Helstu atriði samningsins eru:

Hækkun launa félagsmanna FT skv. launatöflum A-1 – A-2 og B-1 – B-2:
1. september 2020 hækka laun um kr. 41.000 kr.
1. janúar 2021 hækka laun um kr. 24.000 kr.

Önnur laun, ný grein 1.1.4
Auk mánaðarlauna er heimilt að greiða önnur laun er starfinu fylgja með mánaðarlegri greiðslu vegna:

- starfstengdra þátta og/eða álags sem ekki verður mælt í tíma
- jöfnunar launa einstakra hópa á milli almenns og opinbers vinnumarkaðar.
- reglubundinnar yfirvinnu og geta komið í stað tímakaups í yfirvinnu skv. gr. 1.4.

Sé heimildarákvæðinu beitt, skal tryggt að málsmeðferð og ákvörðun um greiðslu annarra launa byggi á málefnalegum sjónarmiðum og feli ekki í sér kynbundna mismunun. Á samningstímanum hækka önnur laun um 2,5% þann 1. janúar 2021.

Grein 1.3.1 Starfsheiti breytist og hljóði svo frá 1. september 2020:
Breyting er gerð á viðmiðum vegna röðunar í starfsheitið tónlistarskólakennari II. Þá er jafnframt skýrt að þeir sem eiga samkvæmt skýringarákvæðum við grein 1.3.1 að raðast sem tónlistarskólakennari III og luku námi, burtfarar- og/eða einleikaraprófi eða prufuspili fyrir 1. desember 2018, halda þeirri röðun. Þá er kveðið á um að frá og með 1. desember 2018 skuli tónlistarskólakennari hafa lokið 180 ECTS eininga grunnprófi frá háskóla til að eiga kost á því að raðast í starfsheitið tónlistarskólakennari III með þeirri undantekningu að bókun V um endurröðun í starfsheiti skv. ákvörðun samstarfsnefndar gildir áfram.

Grein 1.4.7 Viðbótarlaunafl. v/stjórnunarreynslu skólastjórnenda breytist frá 1. september 2020:
Frá og með 1. september 2020 fá skólastjórnendur allt að 5 launaflokka vegna stjórnunarreynslu, einn lfl. fyrir 5 og 10 ár, tvo lfl. fyrir 15 ár og einn lfl. fyrir 20 ár. Frá sama tíma er kennsluferill allt að 10 árum metinn jafngildur stjórnunarreynslu. Þá bætist við að nú verður metin starfs- og stjórnunarreynsla við háskóla. Eingöngu skal meta kennsluferil í leik-, grunn-, framhalds- og/eða háskólum vegna kennslustarfa eftir að viðkomandi stjórnandi lauk háskólaprófi. Þá er metinn kennsluferill við tónlistar- og listaskóla meðan viðkomandi stjórnandi starfaði sem tónlistarskólakennari III (áður tónlistarskólakennari IV). Skilyrði fyrir því að kennsluferill sé metin er að starfsmaður hafi verið ráðinn í a.m.k. 50% til 100% fast starfshlutfall við kennslu.

Grein 1.4.8 Skólahljómsveitir
Breyting er gerð til áréttingar um að skólahljómsveitir, reknar sem sjálfstæðar einingar, skuli skilgreindar sem fullgildir tónlistarskólar skv. kjarasamningnum. Ekki verði gerður greinarmunur á skólahljómsveitum og öðrum tónlistarskólum hvað varðar samninginn í heild sinni eða einstakar greinar hans.

Grein 1.9 um tónleikaferðalög breytist og hljóði svo:
Þegar tónlistarkennarar ferðast með og annast nemendur á ferðalögum skal hver virkur ferðadagur reiknast 12 klst., 8 dagvinnutímar og 4 yfirvinnutímar. Vegna næturgistingar á ferðalögum með nemendur greiðast auk þess 4 klst. í yfirvinnu. Þá daga sem varið er til ferðalaga með nemendur er allur vinnutími kennara til ráðstöfunar í því skyni sbr. grein 2.1.10.

Vegna ferðalaga með nemendur til eða frá útlöndum að nóttu til þar sem ferðatími er á tímabilinu kl. 00.00 til 07:00 eru greiddar 4 klst. í yfirvinnu. Þegar um dagsferðir innanlands er að ræða er greidd yfirvinna samkvæmt vinnuframlagi.

Um lágmarkshvíld, sjá gr. 2.4 og fylgiskjal 2 með samningi þessum.

Annaruppbætur skólastjórnenda og tónlistarskólakennara á samningstímanum eru eftirfarandi:

Annaruppbót 1. desember 2020	kr. 91.225,- (ákveðið í samstarfsnefnd aðila í nóv.´20)
Annaruppbót 1. júní 2021	kr. 93.505,-
Annaruppbót 1. desember 2021	kr. 93.505,-

Grein 5.6.1 um ófærð er ný grein og hljóði svo:
Hamli ófærð því að starfsmenn komist frá heimili sínu til vinnu og geti sinnt starfi sínu skulu þeir engu að síður halda föstum launum sínum. Skal þá starfsmaður, ef því verður viðkomið, inna af hendi starfsskyldur sínar með fjarvinnu.

Grein 11.1.3 um mæðraskoðun er ný grein sem hljóðar svo:
Barnshafandi konur eiga rétt til nauðsynlegra fjarvista frá vinnu vegna mæðraskoðunar, án frádráttar á föstum launum, þurfi slík skoðun að fara fram á vinnutíma.

Gildistími, gildissvið og samningsforsendur
Samningsaðilar skulu bera samninginn, ásamt bókunum og fylgiskjölum, upp til afgreiðslu fyrir 15. desember 2020. Hafi gagnaðila ekki borist tilkynning um niðurstöðu fyrir kl. 16:00 þann 15. desember 2020 skoðast samningurinn samþykktur.

Bókanir með samningi aðila 2020
Bókun 4 - Röðun í starfsheitið tónlistarskólakennari III vegna burtfararprófs
Í bókun 4 er fjallað um forsendu þess að tilgreind menntun teljist samsvara burtfararprófi frá viðurkenndum tónlistarskóla skv. skýringarákvæði við grein 1.3.1 um röðun í starfsheiti. Forsenda röðunar vegna burtfararprófs í starfsheitið tónlistarskólakennari III er að sú menntun sem er á bakvið burtfararpróf inniberi að minnsta kosti eins árs nám umfram framhaldspróf sem staðfest er með vitnisburðarblaði frá viðkomandi tónlistarskóla og þá er skilyrt að náminu hafi verið lokið fyrir 1. desember 2018. Með þessu hefur jafnstaða félagsmanna FT og FÍH verð tryggð hvað varðar röðun vegna burtfararprófs.